

Ed.

103. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 37. 7. apríl 1943, um breyting á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933.

Flm.: Þorsteinn Þorsteinsson, Gísli Jónsson.

1. gr.

Á 1. gr. B. í lögum nr. 37/1943 eru gerðar þessar breytingar:

- a. Á eftir tölulíð 20. kemur nýr líður:
Haukadalsvegur: Af Vesturlandsvegi hjá Haukadalsárbrú inn Haukadalsdal að Krossi.
- b. Á eftir tölulíð 21 kemur nýr líður:
Laugavegur: Af Vesturlandsvegi á Leysingjastaðamelum að Laugum.
- c. Á eftir tölulíð 22 kemur nýr líður:
Staðarhólsvegur: Af Þjóðveginum við Kirkjuhvol í Saurbæ um Staðarhól að Hvammsdal.
- d. Á eftir tölul. 43 kemur nýr líður:
Suðurfjarðavegur: Frá Bíldudal að Trostansfirði.
- e. Tölul. 46 orðist þannig:
Rauðasandsvegur: Frá Ósá við Patreksfjörð að Naustabrekku á Rauðasandi.
- f. Á eftir tölulíð 46 kemur nýr líður:
Örlygshafnarvegur: Frá Hvalskerri um Sauðlauksdal að Hnjóti í Örlygshöfn.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frv. er lagt til, að nokkrir vegir í Dalasýslu og Barðastrandarsýslu verði teknir í Þjóðvegatölu. Eru þessar breytingar á vegalögnum fluttar samkvæmt eindreginni ósk sýslubúa. Er héruðum þessum fyllsta þörf, að þær nái fram að ganga, enda hafa héruð þessi borið mjög skarðan hlut frá borði við fyrri breytingar á veglögum. — Nánar í framsögu.